

Tryggjum starfsmenntamálum framgang í kjarasamningum

-Ályktun um starfsmenntamál lögð fram á 28. þingi LÍV 8. -9. nóvember 2013

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna vill auka virðingu fyrir verslunar- og þjónustustörfum og tryggja að ungt fólk líti á störf í þessum greinum sem vænlegan kost til framtíðar. LÍV vill gera nám á þessum vettvangi áhugavert og fyrirtæki í verslun og þjónustu eftirsóknaverða vinnustaði. Til þess þarf að tryggja að sú aukna fagmennska og þekking sem fæst með meiri og skilvirkari menntun í faginu skili sér í hærri launum.

28 þing LÍV 2013 hvetur atvinnulífið til að sýna í verki vilja sinn til að efla menntun starfsmanna í verslun og þjónustu með því að taka undir kröfur LÍV í starfsmenntamálum eins og þær eru settar fram í kröfugerð sambandsins. Í kröfugerðinni er áhersla lögð á að starfsmenntun verslunar- og þjónustufólks sé markviss, í takt við þarfir atvinnulífsins og metin til launa.

LÍV gerir þá kröfu að þessum málaflokki verði gert hátt undir höfði í næstu kjarasamningum og að atvinnurekendur og launafólk sameinist um bókun þar að lútandi sem feli í sér eftirtalin áhersluatriði kröfugerðar sambandsins:

- Fulltrúar vinnumarkaðarins, í samstarfi við menntayfirvöld í landinu, sammælist um að ljúka vinnu við að skilgreina starfsmenntun fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum með námslokum sem verða metin til launa.
Besta leiðin til að efla starfsfólk í þessum greinum er að nám í viðkomandi greinum leiði til sérhæfs prófs og viðurkenningar af svipuðum toga og iðnmenntun.
- Í boði verði samfelld nám á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum.
Heildstætt nám innan hins hefðbundna skólakerfis tryggir betur möguleika launafólks og að námið uppfylli þær kröfur sem atvinnulífið gerir.
- Áhersla verði lögð á að launafólk með stutta formlega skólagöngu fái tækifæri til þess að fá reynslu sína metna í raunfærnimati.
Mikilvægt er að starfsfólk í verslun og þjónustu, sem býr yfir sérhæfðri kunnáttu á sínu sviði, fái hana metna bæði til framgangs í starfi og til náms.

Aukin menntun starfsfólks leiðir til aukinnar verðmætasköpunar í atvinnulífinu og bættra lífsgæða starfsmanna. Það er allra hagur.